NÁMSGREIN:
KENNSLUYFIRLIT – 2. BEKKUR

Kennsluhættir: Sex kennslustundir á viku. Kennt er í lotum eftir viðfangsefnum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu. Ein kennslustund á viku fer í skapandi stærðfræði þar sem unnið er með borðspil ,Yatsý, stærðfræðisögur,vasareikniverkefni. Einnig læra nemendur að nota stærðfræðigögn svo sem; hundraðtalnatöflu, talnalínur, kennslupeninga, form, einingakubba og sentikubba.
Námsþættir: Tölurnar 0-20, samlagning og frádráttur með tölum upp í 100, tölfræði, lengdarmælingar, tölur upp í 100, tími, samhverfa, að tvöfalda og helminga, sléttar tölur og oddatölur, reikningur með tölum upp í 100, flatarmál, marghyrningar og hringir og rúmfræðiform.
Námsmat: Verður í byggt á virkni og þátttöku í kennslustundum, leiðsagnarmati og kannanir lagðar fyrir eftir hvern námsþátt.
Námsgögn: Sproti 2a og 2b bæði nemendabók og æfingahefti, Könnum kortin, Viltu reyna, Vasareiknir 1, Stærðfræðispæjarar 1 og efni frá kennara.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Lota 1.	Vinnulag stærðfræðinnar Tölur og reikningur	Innlögn, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna. Skapandi stærðfræði.	Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðgangsefnum. Þróar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum Tekur þátt í samræðum um stærfræði, hugtök hennar lausnarleiðir. Nýtir aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og getur rökstutt svör sín. Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtir þau rétt við útreikninga Getur nýtt sér samlagningu og frádrátt og reiknað með náttúrulegum tölum. Notað taugakerfishátt og sýnir skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna.	Kaflapróf Leiðsagnarmat	Fjöldi, talnalína, teningur, kúlnaband, tíuvinir, tugur, einingar, tölustafir, stærri og minni, samlagning, frádráttur, bæta við, tekið af, mismunur, hoppa á talnalínu, tvöfalda, hve mikið eftir, hverju munar, hvaða tölu vantar, söfn, áfram, aftur á bak, krónur, fimm krónur, tíu krónur, talnarunur, rétt röð, minnsta tala, stærsta tala, mánuðir, árstíðir, vikudagar, klukkustund, hálftími, dagur, nótt, tvöfalda, helminga, slétt tala, odda tala, jafnt, skiptu jafnt, summa.
Lota 2.	Tölfræði og líkindi, rúmfræði og mælingar	Innlögn,einstaklingsvinna Paravinna,og hópvinna. Skapandi stærðfræði.	Notar hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu. Safnar gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og getur túlkað á einfaldan hátt.	Kaflapróf Leiðsagnarmat	Flokka, talnastrik, tíðnitafla, súlurit, niðurstöður, mæla, lengd, bréfaklemma, fet, skref, sentikubbar, reglustika, sentimetrar og

			Telur, flokkar og skráir, les og túlkar niðurstöður og setur upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja. Speglar og hliðrar flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum.		metrar, samhverfa, spegilás, spegilmynd.
Lota 3.	Algebra, Vinnulag stærðfræðinnar	Innlögn, einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna. Skapandi stærðfræði.	Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs. Reiknar með óþekktum stærðum í einföldum atvikum. Getur fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir.	Kaflapróf Leiðsagnarmat	Tugur, einingar, samtals, afgangur, hoppa, flatarmál, reitir, rúðunet,
Lota 4.	Rúmfræði og mælingar	Innlögn, einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna. Skapandi stærðfræði.	Notar rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknar og staðsetur punkta í hnitkerfi. Ber kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning, píramída og strendinga. Les úr einföldum myndritum.	Kaflapróf Leiðsagnarmat	Orðadæmi, mismunur, leggðu saman, dragðu frá, flatarmál, reitir, rúðunet,hringur, þríhyrningur, ferhyrningur, fimmhyrningur, sexhyrningur, eins, ólíkir, mynstur, sívalningur, ferstrendingur, kúla, píramíti, horn, flötur og hliðarbrún.